

Jafnframt því að tjá yður þetta, skal stjórnarráðið mælast til, að þér **134**
gjörð þær ráðstafanir, sem með þarf, til þess að prestakallaskipun þessi komist **4. des.**
til framkvæmdar í næstu fardögum, svo og um greiðslu í Kirkjujarðasjóð á inn-
stæðupeningi umræddra prestakalla.

Bréf stjórnarráðsins til biskups um notkun utanþjóðkirkjusafnaðar á kirkju og **135**
grafreiti þjóðkirkjusafnaðar. **4. des.**

Með bréfi, dags. 17. f. m., hafð þér, háæruverðugi herra, skotið til úr-
lausnar stjórnarráðsins eftirfarandi spurningum, sem sóknarnefnd Stokkseyrar-
sóknar hefir beiðst úrskurðar yðar um:

1. Hvort frikirkjumönnum í Gaulverjabæjarsöfnuði, búsettum innan Stokkseyrar-
sóknar, beri réttur til að nota grafreit þjóðkirkjunnar á Stokkseyri jafnt
þjóðkirkjumönnum, og ef svo er
2. hvort frikirkjuprestur Gaulverjabæjarsafnaðar geti heimildarlaust af hálfu
sóknarnefndar og sóknarprests þjóðkirkjunnar gjört prestsverk fyrir safnaðar-
menn sína í kirkju og kirkjugarði Stokkseyrar.

Um fyrirspurnir þessar takið þér fram, að þessir utanþjóðkirkjumenn
innan Stokkseyrarsóknar og forstöðumaður þeirra í Gaulverjabæ eigi að yðar
áliti engan rétt að lögum til afnota kirkjugarðs og kirkju á Stokkseyri, og verði
því, ef þeir óska að fá kirkjugarð og kirkju á Stokkseyri til afnota, um það að
semja við Stokkseyrarsöfnuð og Stokkseyrarprest.

Þessu álitu yðar er stjórnarráðið að öllu leyti samdóma.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari
birtlingar.

Erindisbréf

136

30. des.

fyrir umsjónarmann áfengiskaupa.

1. gr.

Umsjónarmaður áfengiskaupa, sem skipaður er samkvæmt lögum nr. 44, 30.
júli 1909, um aðflutningsbann á áfengi, hefir umsjón og eftirlit með kaupum á
öllum áfengum drykkjum, sem fluttir eru til landsins frá útlöndum samkvæmt
tédum lögum. En það telst áfengur drykkur, sem í er meira en $2\frac{1}{4}\%$ af vin-
anda (alkóhóli) að rúmmáli. Duft, kökur og annað er þau efni eru í, sem sund-
ur má leysa í vökva, og í sér hafa fólgið slíkt áfengi, skal fara með sem áfeng-
an drykk.

136

30. des.

2. gr.

Heimilt er stjórnanda eða eiganda iðnaðarfyrtækis, efnarannsóknarstofu, náttúrugripasafna eða annara slíkra stofnana að flytja frá útlöndum vínanda eða annað áfengi til iðnþarfa og verklegra nota í stofnuninni. Svo er og heimilt að flytja til lansins vínanda, sem ætlaður er til eldsneytis. Lyfsölum og héraðslæknum er og heimilt að flytja til landsins vínanda þann og annað áfengi, sem þeim er skylt að hafa til læknisdóma samkvæmt hinni almennu lyfjaskrá. Enn er smáskammtalæknum heimilt að flytja frá útlöndum smáskamtalyf með vínanda í, ef pöntun þeirra fylgja meðmæli hlutaðeigandi lögreglustjóra og sóknarprests. Að lokum er próföstum þjóðkirkjunnar og forstöðumönnum annara kirkjudeilda heimilt að láta flytja frá útlöndum messuvin, er nauðsynlegt sé til altarisgöngu, þó í því sé meira af vínanda en $2\frac{1}{4}\%$.

3. gr.

Hver sá, sem heimild hefir til áfengisflutnings frá útlöndum og vill neyta þessarar heimildar sinnar, skal í tæka tíð segja umsjónarmanni áfengiskaupa til um það, hvers konar áfengi og hve mikið hann vill fá, og frá hverju verzlunarhúsi, svo og með hverri ferð frá útlöndum. Hann skal og skýra honum frá um leið, til hvers hann ætli að nota áfengið. Svo skal og fylgja beiðninni borgun fyrir flutning til Reykjavíkur og uppskipun þar. Umsjónarmaður sendir þá pöntunina því verzlunarhúsi eða þeim vinsölumanni, sem hún er stíluð til, og beiðist þess, að áfengið sé sent til sín. Skal umsjónarmaður, þegar er áfengið kemur til hans frá útlöndum, tryggja sér með rannsókn, að áfengissendingin sé eigi önnur eða meiri en um var beiðið. Nú reynist áfengið annað eða meira en um var beiðið, og skal umsjónarmaður þá endursenda sendanda það tafarlaust, ef annað er en um var beiðið, eða það, sem umfram reynist, enda er skipstjóra, sem flutti, eða útgerðarmanni skips, skylt að taka við því án borgunar á farmgjaldi. Að því búnu skal hann eftir fyrirsögn efnafræðings landsins, sem skyldur er að láta honum aðstoð sína í té, blanda það áfengi, er til iðnaðarfyrtækja eða eldsneytis er ætlað, þeim efnum, er gera það óhæft til drykkjar, án þess það þó missi notagildi sitt til þess, sem það er ætlað. Því næst skal umsjónarmaður merkja áfengið með embættisinnsgli sínu og segja eiganda til. Eiganda skal þá heimilt að vitja þess, en gjalda skal hann þá um leið kostnað þann, er af blönduninni hefir leitt.

Nú líða svo 12 mánuðir frá tilkynningu umsjónarmanns áfengiskaupa um aðflutning áfengis, að sá hirðir ekki áfengið, er pantað hefir, né lýsir heldur yfir þeirri ósk, að áfengið sé á hans kostnað endursent seljanda, og er þá áfengið með umbúðum eign landssjóðs. Allan ógreiddan kostnað, er leitt hefir af aðflutningnum, má þá taka lögtaki hjá þeim, er áfengið hefir pantað, samkvæmt lögum 16. des. 1885.

Umsjónarmaður ber enga ábyrgð á greiðslu andvirðis fyrir það áfengi, sem aðflutt er.

4. gr.

136

30. des.

Umsjónarmaður áfengiskaupa hefir aðsetur í Reykjavík. Hann varðveitir á tryggum stað áfengisbyrgðir þær, sem hann hefir annast um kaup á, þar til þeirra er vitjað. Hann hefir að launum 600 kr. á ári, er greiðast úr landssjóði. Svo fær hann og borgun eftir reikningi fyrir húsrúm undir áfengisbyrgðir, vinnulaun handa verkamönnum til aðstoðar og burðargjald bréfa. Ennfremur fær hann endurgjald fyrir efni þau, er með þarf til þess að gera áfengi óhæft til drykkjar.

Í stjórnarráðinu, 30. des. 1911.

Kristján Jónsson.

Indriði Einarsson.

Skýrsla

137

30. des.

um lán veitt úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum árið 1911
samkvæmt lögum nr. 30, 16. nóvbr. 1907.

	Lánið veitt.	Upphæð
1. Miðgarður í Grímsey	27. febrúar	Kr. 3000 00
2. Auðkúla	21. marz	— 3000 00
3. Möðruvellir í Hörgárdal	19. apríl	— 3000 00
4. Ofanleyti í Vestmannaeyjum	18. septbr.	— 1300 00
5. Brjánslækur	27. septbr.	— 3000 00
6. Hruni	2. oktbr.	— 1550 00
7. Eydalir	9. oktbr.	— 2880 00
8. Setberg	21. nóvbr.	— 1000 00
9. Ólafsvík	4. desbr.	— 3000 00

Stjórnarráðið, 30. des. 1911.